

**101. fundur umhverfis- og framkvæmdanefndar
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 10. nóvember
2020 og hófst hann kl. 08:15.**

Fundinn sátu:

Nanný Arna Guðmundsdóttir formaður, Steinunn Guðný Einarsdóttir varaformaður, Aðalsteinn Egill Traustason var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Alberta G Guðbjartsdóttir, Helga Dóra Kristjánsdóttir aðalmaður og Magnús Einar Magnússon aðalmaður.

Embættismenn:

Axel Rodriguez Överby, sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs, Helga Þuríður Magnúsdóttir, verkefnastjóri og Heiða Hrund Jack, skipulagsfulltrúi.

Fundargerð ritaði: Helga Þuríður Magnúsdóttir, verkefnastjóri.

Dagskrá:

1. Úttekt frárennislagna 2016 - 2016110066

Lagður er fram tölvupóstur dags. 29. okt. sl., frá Hólmsfríði Þorsteinsdóttur hjá Umhverfisstofnun vegna aðgerðaráætlunar Ísafjarðarbæjar m.t.t. vatnaáætlunar. Áður tilnefndur fulltrúi í vatnasvæðanefnd hefur látið af störfum fyrir Ísafjarðarbæ og tilnefna þarf nýjan aðila í vatnasvæðanefnd f.h. Ísafjarðarbæjar.

Á hverju vatnasvæði er starfrækt vatnasvæðisnefnd. Í nefndinni starfa a.m.k. fulltrúar frá sveitarfélögum á viðkomandi vatnasvæði, frá hlutaðeigandi heilbrigðisnefndum og frá Umhverfisstofnun og stýrir fulltrúi hennar starfi nefndarinnar

Vatnaáætlun heildstæð og samræmd stjórn vatnamála um allt land með hliðsjón af lögum nr. 36/2011. Markmiðið er að vernda vatn til framtíðar og draga úr álagi á auðlindina. Umhverfis landið eru starfandi fjórar vatnasvæðanefndir og var Umhverfisfulltrúi starfandi fyrir Ísafjarðarbæ og Anton Helgason f.h. Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða.

Vatnaáætlun og Ísafjörður eða Skutulsfjörður er vatnshlot sem skilgreint var „í óvissu“ árið 2013 vegna losunar skólps í vatnshlotið. Með hliðsjón af óvissustigi þarf að skoða næstu aðgerðir Ísafjarðarbæjar í frárennsli sem veitt er í Pollinn.

Umhverfis- og framkvæmdanefnd leggur til við bæjarstjórn að hafin verði vinna við stefnumótun sveitarfélagsins í frárennismálum og gerð verði framkvæmdaáætlun til næstu 10 ára.

Umhverfis- og framkvæmdanefnd leggur einnig til við bæjarstjórn að Heiða Hrund Jack, skipulagsfulltrúi, verði tilnefnd sem fulltrúi í Vatnasvæðanefnd fyrir hönd Ísafjarðarbæjar.

Gestir

Jóhann Birkir Helgason - 08:15

2. Umferðaröryggisáætlun Ísafjarðarbæjar - 2010120030

Umferðaröryggisáætlun Ísafjarðarbæjar er lögð fram til umfjöllunar, áætlunin var unnin á árinu 2013, jafnframt er lagt fram minnisblað Haralds Sigþórssonar hjá verkfræðistofunni VHS ehf., dags. 27. okt. sl.

Umhverfis- og framkvæmdanefnd samþykkir að hafin verði vinna við endurskoðun umferðaröryggisáætlunar Ísafjarðarbæjar og leggur til við bæjarstjórn að áætla fjármagn í fjárhagsáætlunargerð 2021.

3. Fjárhagsáætlun 2021 - 2020050032

Á fundi bæjarráðs nr. 1129 þann 9. nóv 2020, var rætt um að fasteignaskattar á íbúðarhúsnæði hækki um 3%, á meðalheimili, að tiltekinni hækkun á fasteignamati. Jafnframt rætt um að sorpgjald standi undir kostnaði, með hliðsjón af bókun bæjarráðs er lögð fram gjaldskrá umhverfis- og eignasviðs vegna sorphirðu fyrir árið 2021.

Umhverfis- og framkvæmdanefnd tekur undir bókun bæjarráðs og vísar gjaldskrá vegna sorphirðu fyrir árið 2021 til samþykktar í bæjarstjórn.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 9:20

Nanný Arna Guðmundsdóttir

Steinunn Guðný Einarsdóttir

Alberta G Guðbjartsdóttir

Helga Dóra Kristjánsdóttir

Magnús Einar Magnússon

Axel Rodriguez Överby

Helga Þuríður Magnúsdóttir

Heiða Hrund Jack